

**Jarðhitafélag Íslands**  
**Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2009 - 2010**  
**Aðalfundur 14. apríl 2010**

Kæru félagsmenn,

Við fögnum nú 10 ára afmæli Jarðhitafélag Íslands, en félagið var stofnað 19. maí 2000. Félagsmenn eru í dag rúmlega 100 einstaklingar (106 í upphafi aðalfundar, væntanlega 115 eftir aðalfund) og aðildarfélög eru rúmlega 20 talsins (21 fyrir aðalfund, væntanlega 25 eftir aðalfund).

Síðasti aðalfundur Jarðhitafélags Íslands var haldinn 21. apríl 2009.

Ekki urðu breytingar á stjórn félagsins á aðalfundi 2009. Þá voru kjörin til áframhaldandi setu í stjórn þau Ragna Karlsdóttir, Jónas Matthíasson og Gústaf Adolf Skúlason, til tveggja ára. Ennfremur sátu í stjórn, kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2008 þau Auður Andrésdóttir, Ólafur G. Flóvenz, Bjarni Pálsson og Ásgeir Margeirsson formaður.

Starfsemi Jarðhitafélagsins var með miklum ágætum á liðnu starfsári. Stjórnin hélt fjölmarga fundi á árinu og fjallaði sem fyrr um mál af ýmsum toga. Stærstu viðfangsefnin eru jafnan haust- og vorþing, en áður hafði verið ákveðið að fella saman vorþing og aðalfund, líkt og við gerum hér í dag og gerðum einnig á liðnu ári.

Á vorþingi 2009, sem haldið var hér í Víðgelmi þriðjudaginn 21. apríl, í kjölfar aðalfundar líkt og nú, voru kynnt rannsóknarverkefnið Öndvegissetur í háhitaborholutækni og þá nýr alþjóðlegur rannsóknarklassi í jarðhita – GEORG. Vorþingið var fjölsótt og vel heppnað, sprengdi nánast af sér þennan ágæta sal.

Haustþing 2009 var haldið hjá Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi þann 8. desember s.l. Yfirskrift þingsins var „Nýjar leiðir í jarðhitanýtingu - Hvernig er staðið að þróun nýrra leiða og nýrrar tækni í jarðhitanýtingu? Hvar liggja vaxtarbroddarnir? “ Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra flutti áhugavert inngangserindi og að auki var fjallað um Kyoto-bókunina og kolefnismál, um eldsneytisframleiðslu, bindingu koltvísýrings, rannsóknar- og þróunarstarf Bláa Lónsins, verkefni Reykjavík Geothermal í miðausturlöndum og djúpbörunarverkefnið. Þingið var vel sótt og tókst með miklum ágætum.

Auk hefðbundinna haust- og vorþinga stóð Jarðhitafélagið að opnum fundi um sjálfbæra nýtingu jarðhitans á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 21. október, ásamt með Samorku, ÍSOR, Orkustofnun, iðnaðarráðuneytinu og GEORG. Á fundinum fjölluðu vísindamenn frá ÍSOR um orkuforða, endurnýjanleika og sjálfbæra nýtingu jarðhitakerfa, og fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur, HS Orku og Landsvirkjunar Power sögðu dæmisögur af áratugalangri jarðhitanýtingu sinna fyrirtækja. Á þriðja hundrað manns sóttu fundinn sem m.a. var fjallað um í Ríkisútvarpinu, Morgunblaðinu og í Viðskiptablaðinu.

Vil ég þakka öllum þeim sem komu að framkvæmd málþinga liðins árs fyrir þeirra framlag. Málþing Jarðhitafélagsins eru mikilvægur þáttur í starfi jarðhitafólks hérlandis og kjörinn vettvangur nýrra upplýsinga og skoðanaskipta. Við búum enn við grósku í jarðhitaiðnaði á Íslandi, þó lygna sé rétt sem stendur. Stjórn félagsins hefur jafnan reynt auðvelt að velja umfjöllunarefni á málþingin, alltaf liggja fyrir nokkrir áhugaverðir valkostir. Yfirskrift

vorþings nú á eftir er „Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og leyfisveitingar – staða og æskileg þróun“. Umhverfisráðherra mun heiðra okkur með opunarávarpi þingsins. Ég hlakka til að hlýða á hana og aðra framsögumenn vorþingsins – 10 ára afmælisþings.

Í tilefni af 10 ára afmæli félagsins hefur stjórn ákveðið að veita þrem doktorsnemum á sviði jarðhita styrki til að sækja ráðstefnur, t.d. GRC ársfundinn í Bandaríkjunum. Fjárhæð styrks er allt að kr. 350.000 og verður einn styrkur veittur á ári í þrjú ár. Stjórn mun auglýsa styrki og úthluta.

Á síðasta aðalfundi opnuðum við endurnýjaðan vef félagsins. Áfram hefur verið unnið að vistun gagna á vefnum og merki félagsins hefur verið nútímavætt ef svo má segja, teiknað á stafrænu formi. Vefurinn er fyrst og fremst hugsaður sem eins konar nafnspjald félagsins, en einnig sem hýsing fyrir útgáfustarfsemi á þess vegum, s.s. erindum málþinga.

Fyrir síðasta aðalfund hafði Jarðhitafélagið lagt inn umsókn til IGA um að halda alþjóðlegu jarðhitaráðstefnuna WGC 2015 hér í borg. Mikil vinna var lögð í umsóknina og tókst okkur að leggja fram mjög áhugaverða umsókn til stjórnar IGA, með stuðningi Iðnaðarráðherra, Orkumálastjóra, Stjórnar Samorku og Borgarstjórns í Reykjavík. Ég fór sem formaður félagsins á fund stjórnar IGA þann 8. maí s.l. til að kynna umsóknina. Að aflokinni kosningu á vegum IGA lá fyrir á liðnu hausti að við lentum í 2. sæti þriggja umsókna, en flest atkvæði hlaut sameiginleg umsókn Ástrala og Nýsjálendinga. Fæst atkvæði hlaut umsókn Þjóðverja, en í miðju ferlinu dró Slóvakía ennfremur til baka sína umsókn. Ég vil þakka stjórn og öðrum þeim sem komu að vinnu við umsóknina fyrir þeirra framlag.

Fjármál skipa sem fyrr léttan sess í stjórnarstarfinu, en þau eru undir tryggri stjórn Jónasar Matthíassonar, gjaldkera, sem gerir nánari grein fyrir þeim hér á fundinum. Það má í raun segja að umfjöllun fjármála Jarðhitafélagsins hafi verið skemmtileg tilbreyting frá ýmsu öðru fjármálavafstri síðustu misserin.

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili þeirra Auðar Andrésdóttur, Ólafs G. Flóvenz og Bjarna Pálssonar, auk mín. Ólafur, sem hefur gegnt embætti varaformanns, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu og sömuleiðis Auður. Vil ég þakka þeim framlag þeirra til félagsins og ánægjulegt samstarf á vettvangi þess á liðnum árum. Við Bjarni höfum hins vegar ákveðið að bjóða okkur fram til áframhaldandi setu hér í dag. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum samstarfið á liðnu starfsári og sérstaklega þakka ég Gústaf Adolf fyrir að bera hitann og þungann af hversdagslegri umsýslu félagsins.

Á fyrri aðalfundum hef ég rætt um að miklar breytingar hafi orðið á umhverfi íslensks jarðhitaiðnaðar. Það geri ég enn nú. Fjármálaástand landsins og umheimsins hefur haft veruleg áhrif á orkufyrirtæki landsins. Fjármál flestra orkufyrirtækja eru erfið í dag og möguleikar á fjármögnun verkefna takmarkaðir. Við skulum öll bera þá voni í brjósti okkar að orkufyrirtækjunum takist að fjármagna þau brýnu verkefni sem íslenskt samfélag þarf nú á að halda, sem mikilvægum hlekk í að brjótast út úr þeim fjármálaþrengingum sem á okkur hafa dunið. Ennfremur trúum við að ráðgjafarfyrirtækin haldi ótrauð áfram vaxandi starfsemi sinni á erlendum vettvangi.

Aðrar merkar breytingar hafa og átt sér stað. HS Orka, eitt af stærri orkufyrirtækjum landsins er nú nánast að öllu leyti í einkaeigu og það að verulegu leyti í eigu erlendra aðila. Er það nýmæli í íslenskum orkuiðnaði.

Rammaáætlun 2 er nú í kynningarferli. Vafalítið hafa jarðhitasérfræðingar landsins ýmsar athugasemdir og ábendingar fram að færa um starf og niðurstöður rammaáætlunar og hvet ég okkur jarðhitafólk til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og taka virkan þátt í umræðunni. Stundum finnst mér að andstaða beygi okkur og það ranglega. Andstaða er að mínu mati oft lituð af því lúxusvandamáli sem við búum hér við, að þurfa ekki að beina kröftum okkar að slæmum, mengandi orkukostum, s.s. olíu, kolum, gasi og kjarnorku, og heldur ekki hreinum en ekki mjög áreiðanlegum kostum eins og vind- og sólarorku. Jarðhitinn ber af öðrum orkukostum. Höldum ótrauð áfram að flytja fagnaðarerindið, að svo miklu marki sem samfélag okkar hefur þörf fyrir orku.

Nefnd um fyrirkomulag leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins kynnti niðurstöður af starfi sínu í liðinni viku. Undir starf nefndarinnar falla t.a.m. jarðhitaauðlindir í þjóðlendum. Búast má við að í framhaldi af nefndarstarfinu birtist okkur nýr veruleiki, þar sem auðlindaleiga skipi veigameiri sess en áður. Hvet ég félagsmenn til að kynna sér niðurtöður nefndarinnar, sem finna má á vef forsætisráðuneytisins.

Ég hverf nú úr stóli formanns Jarðhitafélagsins eftir fjögur ár í embætti. Þá verður ekki lengur setið samkvæmt reglum félagsins. Þetta hefur verið afar ánægjulegt og áhugavert starf, svo mjög að ég gef kost á mér til setu áfram, sem óbreyttur stjórnarmaður.

Að endingu vil ég þakka félagsmönnum og aðildarfélögum Jarðhitafélagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Ásgeir Margeirsson